

INGA HULD HÁKONARDÓTTIR:

HUGLEIÐINGAR UM KVENMYNDIR Í STURLUNGU  
OG DANMERKURSÖGU (GESTA DANORUM) SAXA

-----

„Kvenmynd eilífðarinnar (das ewig weibliche)“ var eitt vinsælasta orðasamband 19. aldar og fram á þá 20. þegar skáld og andans menn vildu bera lof á kvenleikann.<sup>1</sup>

Í vestrænum þjóðfélögum hefur hversdagslegri kvenmynd verið ríkjandi um nokkrar aldir, hin hægláta húsfreyja og trausta móðir, sem ekki skiptir sér af því sem gerist fyrir utan hennar dyrapröskuld. Hafa lærðir menn, allt frá dögum Platons og Aristotelesar, haldið því fram að slíkt væri í samræmi við innsta eðli kvenna. En í fornum sagnaarfi, grískum sem norrænum, birtast okkur konur sem berjast í orrustum, eggja til víga, fyrirkoma jafnvel sínum eigin börnum til að hefna sín á föður þeirra.

Slíkar andstæður benda til að kvenmyndir séu ekki jafn eilífar og löngum var látið í veðri vaka, heldur menningarlega og félagslega skilyrtar. Þar sem þetta var aðalumræðuefni á amk. tveimur norrænum kvennasögupingum á síðasta ári (í samtíðarsögu og miðaldasögu) langar mig að varpa fram nokkrum hugleiðingum um kvenmyndir Gesta Danorum Saxa og Sturlungu, með Grikkland hið forna sem baksvið. Ég vona þær verði hvati til frekari rannsókna, aflvaki hugarflugs og frjórrar gagnrýni á fornsagnapinginu í sumar.

#### UM TENGLS KVENMYNDA OG ÞJÓDFÉLAGSGERÐAR.

Ólíkar eru lýsingar á heiðnum fornkonum og auðmjúkum eiginkonum, en báðar staðlaðar. Einfalt væri að skrifa breytinguna á reikning kristinnar trúar - en þá kemur í ljós að í Grikklandi hinu forna verður hliðstæð þróun. Gyðjur og stórbrotnar konur eru fyrirferðarmiklar í forngrískum sagnaarfi, en eiga lítinn þátt í afrekum sem unnin eru á gullöld mannglegrar hugsunar í Apenu. Það er einmitt á þeirri gullöld sem kenningar mótast um óæðra eðli kvenna; konur séu tilfinningaverur, duttlungafullar eins og náttúruöflin sjálf, en karlar skuli með rökhyggju sinni og andlegum yfirburðum halda í stjórntaumana. Þessar kenningar urðu snar þáttur í vestrænni menningu fram á þennan dag.

Íslendingasögur og Hómerskviður gerast í svipuðu umhverfi, blóðhefndþjóðfélögum þar sem ættin var grunneining. Hjónaband milli tveggja valdaætta gat samsvarað nútíma miliríkjasamningi, en konur virðast tengdari ætt en eiginmanni. Þetta var áður en stigskipt stjórnsýsla með opinberu aðhaldi þrengdi stærri landeigendum stakk. Karlar voru bardagahetjur en að

<sup>1</sup> Sjá Goethe, lokakórinn í Faust. Þýtt af Halldóri Laxness.

þeim fjarstöddum gripu datur og eiginkonur eða hjákonur inn í þeirra störf og stýrðu búum og heimavarnarliði.

Þessar vígreifu eiginkonur hurfu sjónum inn á heimilin í borgríkjum með millistétt sem studdist við ríkisstjórn. Heimilið, fjölskyldan, varð grunneining í stað áttar. Ríkið tók við af ættföður og heimtaði hollustu og hlýðni af þegnum sínum. Karlar önnuðust alla sýslan á opinberum vettvangi en konur stýrðu búi og börnum utan við rás atburða, fjarri ákvarðanatöku.

#### STURLUNGA OG DANMERKURSAGA SAXA.

Sturlunga mun að mestu rituð seint á 13. öld. Höfundur meginhlutans, Íslendinga sögu, er talinn Sturla Þórðarson lögmaður (1214-1284). Verkið dregur upp raunsæja en listrana mynd af þjóðfélagi þar sem metnaðargjarnir ættarhöfðingjar elda grátt silfur saman. Þeir hafa áður látið sér nægja héraðsvöld en seilast nú til landsyfirráða. Stjórnarfar er fámennislýðræði án framkvæmdavalds. Kirkjan er enn valdalítill.

Þótt karlar fari með aðalhlutverk í Sturlungu bregður þar fyrir fjölmörgum konum af öllum stigum þjóðfélagsins. Athafnir þeirra eru engan veginn staðlaðar, en sjaldan ítarlega lýst, fremur en konunum sjálfum. Helst að þeim sé gefið orðið í draumum. Höfundar eru sparsamir á dóma yfir persónum sínum, og njóta konur þess. Þrátt fyrir kristin áhrif er „misogyni“ ekki merkjanlegt, né að textinn flytji konum sérstakan boðskap eða fyrirmæli.

Gesta Danorum eða Danmerkursaga Saxa hins málspaka er talin rituð kringum 1200. Eftir blóðug átök innanlands, ekki ólík þeim sem lýst er í Sturlungu, var konungsveldi í uppsveiflu undir forystu Valdimars mikla, með stuðningi hins dugmikla Absalons biskups. Markmið Saxa er að styrkja þennan vísu að miðstýringu og upphæfja Danaveldi, hellaga kirkju og síðast en ekki síst ættargrein ríkjandi konungs. Í byggingu verksins eru áhrif klassískrar menningar augljós, svo sem hugmyndir Forngríkkja um KAOS og LOGOS, ringulreið vs. festa og rökhyggja. (Johannesson 1978). Konur töldust til óreiðunnar, og nauðsyn að koma yfir þar lögum. Það er ein ástæðan til að Saxi telur stórnleysi í ástum yta undir upplausn í samfélaginu. (Skovgard 1985, 225-226). Er hann þar sömu skoðunar og Aþeningar á gullöldinni. Úr þenna hans hrjóta óðru hvoru „misogynar“ glósur.

Nanna Damsholt hefur skoðað viðhorf danskra sagnaritara á miðöldum til kvenna í riti sínu Kvindebilledet i dansk højmiddelalder. Hún skilgreinir uppruna þeirrar kvenmyndar sem danskir guðfræðistúdentar tileinkuðu sér í háskólum Evrópu: konur voru körlum óæðri, töldust óhæfar til embætta, oft fordæmdar sem holdgerfingar erfðasyndar. Hjá Saxa kemur til viðbótar ósk um að sveigja konur til undirgefni við þarfir ríkisheildar. (Í sögum af Maríu

guðsmóður, dýrlingum og jarsteinum er konum gert herra undir höfði).<sup>2</sup>

#### KVENMYNDIR ÆTTAVELDIS/RÍKIS:

Hér skulu settar fram þrjár tilgátur og dæmi rakin - en ítarlegri umræða biður sumarfunda.

a. Í ættarveldum (með munnlegri sagnahefð) eru tilfinningar og ástriður oft dregnar fram til skýringar, og af ástámálum geta hrokkið neistar sem kveikja ófriðarbál. Í sagnaritun ríkja gætir vaxandi rökhyggju. Í því skyni er reynt að afmá allt sem tengist kynhvöt, þ.á m. konur, og ennfremur allar aðrar tilfinningar.

b. Á eldra stigi ráða kvenverur sigursæld í orrustum en síðan taka karlguðir eða herkonungar við stjórnvelinum. Í fyrra dæminu eru konur sterkar og eggja oft til hefnda, í því seinna eru þær auðmjúkar og friðelskandi, en þó oftast ósýnilegar.

c. Upphaflega tengist hver einstaklingur ætt sinni heilögum skylduböndum, en sú hollusta yfirferist síðar á ættjörð og ríkisstjórn. Í samræmi við þetta virðast konur í árdaga tengdari bræðrum sínum en eiginmönnum, en það breytist er tímar líða.

#### a) ÁSTIR OG ÁTÖK

Í kviðum Hómers er Trójustriðið rakið til brotnáms Helenu fögru, sem París fagri randi frá Menelási í Spórtu. Sagnfræðingar í Aþenu nokkrum öldum síðar töldu aðrar orsakir sennilegri ástæðu. Víst er þó að hjónaband gat verið lykill að hernaðarbandalagi.

-Í Sturlungu er getið um kvennarán þótt ekki leiði þau til bardaga. Þó er gefið í skyn að átök bræðranna Snorra og Sighvats Sturlusona kunni að hafa magnast vegna þess að Snorri hafi gjarna viljað eiga Sólvögu Samundardóttur, en hún varð kona Sighvats (Sturl. III-lxxv). Þá hefur verið sett fram tilgáta þess efnis að frilluhald höfðingja hafi verið snar þáttur í valdabaráttu (Auður Magnúsd. 1988).

Saxi gengur ekki að því gruflandi að kynhvötin er sterkt afl í mannheimi, og mjög brýnt að sveigja það að markmiðum ríkisins og raunar einnig festu í uppbyggingu þjóðfélags. Konur eiga að vera körlum sínum tryggar og ekki trana sér fram né beita „kvenlegum“ brögðum. (ND 1985:135-147).

#### b) HVERJIR RÁÐA ÖRLÖGUM Í ORRUSTUM ?

Í fornum sagnaarfi, grískum sem norrænum, ráða kvenverur stríðsgæfu, þó fremur goðkynja en mennskar. Í Trójustriðinu studdu gyðjurnar Aþena og Hera Grikki en Afródíta Trójumenn, enda hafði hún hjálpað París að ræna Helenu. Samkvæmt norrænni goðafræði réðu valkyrjur hverjir sigur höfðu í orrustum. Í Sturlungu hefur kristin trú að visu ýtt þeim til hliðar, en ekki útrýmt

---

<sup>2</sup> Sú bók og ýmsir fyrirlestrar Nönnu Damsholt urðu mér kveikja til að setja saman þessa ritsmíð.

þeim. Fyrir Örlygsstaðabardaga (1238) dreymir höfund Íslendinga sögu fyrir mannfalli Sturlunga og gnæfir kross í draumnum eins og vísbending um dóm guðs. (I-409, III-lxxi). En bónda í Höfðahverfi dreymir konu á bláum kyrtli með stökkabelti. Hún kynnir sig sem tortímandi vetti og segir erindi sitt „Heljar Ask að velja“ (I-411-12). Sautján árum síðar birtist sjálf Guðrún Gjúkadóttir ungri stúlku í Árnessýslu fjórum sinnum í draumi og ríður jafnan gráum hesti. „Mikill var hesturinn og svo konan.“ Guðrún þekkir Örlög helstu höfðingja á Íslandi í þeim hjaðningavigum sem leiða af sér hrún Þjóðveldisins. Ekki vottar fyrir „misogyni“ í lýsingu hennar, enda vill hún að kristni haldist í landi. (Sturl.II 674-677)

A.m.k. fjórar konur eggja til hefnda eða hóta að taka sjálfar upp vopn ef karlar standi sig ekki. „Fyrir Heiðarvíg eggjar Guðný Böðvarsdóttir Hvammverja, Halldóra Tumadóttir safnar liði þegar henni finnst bóndi sinn, Sighvatur Sturluson, ekki standa sig sem skyldi ... Steinvör Sighvatsdóttir, systir Þórðar kakala, hótar að fá manni sínum búrlyklana en gripa sjálf til vopna (463-4)... Loks eggjar Þuríður Sturludóttir Eyjólf ofsa bónda sinn til hefnda 15 árum eftir Örlygsstaðafund...“ (Sturl. III - lxxvi)

Þessar konur eru hvorki sóttar í goðsögur né drauma. Þær eru húsfreyjur Sturlungaaldar holdi klæddar, margar náskyldar höfundum. Í Svínfellinga sögu leitast konur við að afstýra ófriði, Álfheiður Njálisdóttir og Steinunn Jónsdóttir, og helst kyrrt meðan þær lifa. (Ísl.bókm.s. I,328)

Í frægri lýsingu Saxa á Brávallabardaga stýrir Haraldur hilditönn liði Dana gegn Svíum. Þar berjast vaskar skjaldmeyjar með Dönum en það dugir ekki til. Sjálfur Óðinn birtist í dulargerfi og leggur Harald hilditönn að velli. Saxi ber þó hlyjan hug til skjaldmeyjanna „som törstede efter Blod og ikke efter Kys.“ Bent hefur verið á að hann hafi séð þar endurspeglast „virago“ hugmyndir fornaldar. (Skömmu eftir hans daga féll danski krossfáninn af himni og færði Dönum sigur í orrustu í Eistlandi. Þar hafði Kristur tekið við af Óðni sem herkonungur.) Framan af Danmerkur sögu eggja konur til hefnda, og drottningar stýra herjum. Saxa er um og ó. Lýsing hans á Sigríði stórráðu er mun fjándsamlegri en lýsing Snorra Sturlusonar á sömu drottningu (Strand 1985:140-141). Og hann dregur ekki upp jafn glæsilega mynd af Þyri Danabót og samtíðarmaður hans, Svend Aggesen. (Damsholt 1985:145, 154-162).

Saxi er hlutdrægur gagnvart persónum sínum, og dæmir konur oft eftir því hvernig þær reynast þeim

<sup>3</sup> Þess má geta þa Agnes Arnórsdóttir vinnur nú að athugun á konum í Svínfellingasögu.

<sup>4</sup> Kerstin Aspegren dregur upp skýra mynd af þróun „karlkonunnar“ í vestrænni hugmyndafræði frá dögum Platons þangað til um 200 árum eftir Krist.

körlum sem hann hefur dálæti á. Honum líkar vel að þeir sækist eftir völdum en telur það löst hjá konum. ..Misogynnar " alhæfingar um eðli kvenna eru þó nokkrar, sú frægasta um móður Hamlets: „Saaledes svajer Vivs Løfte for hvert et Lykkens Lune, og smuldrer alt som Tiderne skifter; Kvindetro er ej at lide paa, men sen vinder brat ved Skæbnens Spil: snar til at give, men sen til at holde sit Ord lader hun sig lokke af lunefuldt Attraa...(I-149) Í fyrstu tíu bókunum sem byggðar eru á heiðnum norrænum sagnaarfi koma konur oft við sögu og eru óstýrilátar og framtakssamar. En í síðari bókunum sex sést hvernig konum snarfækkar uns þær hverfa með öllu í XVI. bók. Sú eina sem þær bregður fyrir er ekki nefnd með nafni. Ásamt eiginmanni sínum kastar hún sér fyrir fætur Danakonungs og biðst vægðar.

Að mati Damsholt er grundvallarviðhorf Saxa: „Kvinder er betydningsfulde ... De maa gerne være aktive, udfolde deres evner i forskellige retninger, virke i kraft af deres seksualitet, men alt efter mændenes og samfundets behov og tarv.“ (ND 1985:151)

### c. KONUR FLYTJAST FRÁ ETT TIL RÍKIS

Einarr Ól. Sveinsson hefur bent á hliðstæður milli Hallgerðar og Klytæmestru. Vei þeim eiginmanni eða ástmanni sem bregst slíkum konum. Honum er bráður bani búinn. Í sínum ægilegasta ham fórnar þær eigin börnum til að ná fram hefndum. Ekkert er meiri ógæfa fyrir karlmann en átt hans deyi út. Það vita þær Medea hin gríska, og Guðrún Gjúkadóttir í Völsunga sögu (Sjá einnig Atlakviðu, Atlamál, Guðrúnarhvöt og Hamdismál).

Sem alkunna er drápu bræður Guðrúnar Sigurð Fáfnisbana í fangri hennar. Næsti maður hennar, Atli Húnakonungur, myrta bræðurna til fjár. Ættarskyldan bauð henni að hefna bræðra, ekki eiginmanns. Hún drap syni þeirra Atla, blandaði blóðinu við vín og bar honum í hauskipunum þeirra. Loks lét hún veða Atla sjálfan og brenna höll hans. Er skemmst frá að segja að hún komst upp með þetta allt saman og giftist í þriðja sinn. Henni virðist fremur vel tekið í Sturlungu þegar hún kemur ríðandi á hvítum hesti inn í drauma ungrar stúlku, kveður átta vísur og styður höfðingja sem sigur fá.

Í Niflungaljóðum (talin skráð um 1200 í Þýskalandi eða Austurríki) er Guðrún kölluð Kriemhilt og í Þiðreks sögu af Bern (skráð um 1260) Grímhildur. Þar ríkir annað síðferðismat. Í Þiðreks sögu vill Grímhildur bræður sína feiga til hefnda fyrir Sigurð Fáfnisbana. Til þess fórnar hún syni þeirra Atla konungs, kemur sökinni á bræður sína og eru þeir teknir af lífi. Um seinan áttar Þiðrekur af Bern sig á svikum drottningar. Segir hann þá við Atla:

„Sé, hversu djöfullinn Grímhildur þín kona kvelur bræður sína ... og slíkt sama vildi hún koma þér í hel og mér, ef það mætti hún.“

Þá mælti Attila konungur: „Víst er hún djöfull og drep þú hana, og það væri gott verk, ef þú hefði það gert sjö nóttum fyrr. Þá væri margur dýrlegur drengur

sá heill, er nú er dauður."'

Nú hleypur Þiðrekur konungur að Grímhildi og heggur hana sundur í miðju." (Þiðr.s.II-527).

Víkjum þá að Danmerkursögu Saxa. Í XIII. bók er saxneskt kvæði um hina svikulu Grímhildi sungið fyrir Knút konung til að vara hann við tryggðrofum (1131). Joseph Harris hefur bent á að þetta kvæði sem nú er glatað, kunni að hafa geymt fyrirmynd Grímhildar í Þiðrekssögu. Ennfremur kynni þarna að vera komið kvæðið Guðrúnarbrögð sem Norna-Gestur sló á hörpu við norsku hirðina en „þau höfðu menn ekki fyrr heyrt". Sú útgáfa kom að sunnan þar sem konur höfðu tekið skrefið frá stítt til eiginmanns, eða menn þekktu betur til hugmynda um miðstýrð ríki sem samfélagsform.

#### ÖRSTUTT ÁLYKTUN

Svo virðist sem nokkra samsvörun megi greina milli kvenmynda annars vegar, félagsgerðar /menningarstigs hins vegar.

Sturlunga er til orðin í þjóðfélagi á millistigi þar sem frændur berast á banaspjótum en skipulega yfirstjórn skortir. Áhrif kristinnar/klassískrar hugmyndafræði varðandi konur sýnast enn lítil í sagnaritun. Kvenmyndir Sturlungu eru eins og dauft endurskin af kvenhetjum norræna bókmennta - á leið út af sviðinu.

Danmerkursaga Saxa er sennilega rituð tveim kynslóðum fyrr. Hún er samin til stuðnings kirkju og konungsvalds. Ritunarstaður liggur nær rötgrónum stjórnsetrum, andlegum sem veraldlegum, sunnar í álfunni. Í fyrri hluta verksins sem gerist í heilni eru konur margar og dugmiklar - en úr hvoru tveggja dregur eftir því sem kristni og klassísk menning ná fótfestu í landinu.

....

Hér hafa verið rakin nokkur dæmi um hvernig grískar og norrænar kvenmyndir frá dögum sttaþjóðfélaga virðast öllu rismeiri og stórbrotnari en kvenmyndir í ríkjum þar sem hlýðni eiginkonu við eiginmann endurspeglar hlýðni eiginmanns við ríkisstjórn og kirkju. Hinar eldri kvenmyndir búa yfir seiðmagni sem ekki hefur dvinað í aldanna rás. En því verður ekki neitað að slíkar konur, séu þær ekki skáldskapur einn, hafa verið erfiðar í sambúð, ólgandi af ástríðum og hefnigirni sem urðu að fá útrás jafnvel þótt það steypti fjölskyldunni í glötun. Í samanburði við þær verða fórnfúsar eiginkonur aði litlausar en vissulega mun farsælli fyrir sitt nánasta umhverfi. Máski verður körlum ekki álasað fyrir að vilja skipta.

Heimildir:

- Saxo: Danmarks Riges Krönike I-III. Kbh. 1970.  
Sturlunga I-III. Rvk 1988. Svart á hvítu.  
Völsunga saga. Rvk 1985. (Uglubækur MM)  
Piðreks saga af Bern. I-II. Rvk 1951.  
....
- K. Aspegren: The Male Woman. Stkh. 1990.  
Auður Magnúsdóttir: „Ástir og völd“. Ný saga  
1988.
- N. Damsholt: Kvindebilledet i dansk  
højmiddelalder. Kbh 1985.
- Einar Ól. Sveinsson: „Klýtemnestra og  
Hallgerður“. Við uppspretturnar. Rvk 1955.  
Bls.91-114.
- J.Harris: „Guðrúnarbrögð and the Saxon lay of  
Grimhild's perfidy“. Medieval Scandinavia  
vol. 9. Odense 1976
- Ísl. bókmenntasaga I. Rvk 1992.
- K. Johannesson: Saxo Grammaticus. Stkh. 1978.
- S.P.Pomeroy: Goddesses, Whores, Wives, and Slaves.  
Women in Classical Antiquity. New York 1975.
- I. Skovgaard-Petersen: Da Tidernes Herre var nær.  
Kbh. 1985.
- B. Strand: „Women in Gesta Danorum“. Saxo  
Grammaticus. Kbh. 1981.